



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um drög að húsnaðisstefnu til fimmtán ára og aðgerðaáætlun til fimm ára (hvítbók um húsnaðismál) - Viðbót

1. september 2023

Vísað er til þess sem fram kemur í umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um þessi drög að húsnaðisstefnu og aðgerðaáætlun.

Samtökin vilja koma eftirfarandi á framfæri til viðbótar því sem fram kemur í ofangreindri umsögn.

Þroskahjálpar rekur húsbyggingasjóð sem byggir og kaupir íbúðir sem eru leigðar fötluðu fólki. Samtökin hafa á undanförunum árum byggt íbúðakjarna í Sandgerði, á Akranesi og í Hafnarfirði og eru nú með í undirbúningi byggingu íbúðakjarna í Mosfellsbæ sem stefnt er að því að hefja framkvæmdir við í haust. Þessar byggingaframkvæmdir hafa verið unnar samkvæmt lögum og reglum um almennar íbúðir Þá eru samtökin með til skoðunar kaup á þremur stökum íbúðum.

Markmið með rekstri húsbyggingasjóðs Þroskahjálpar er að greiða fyrir að ríki og sveitarfélög standi betur og fyrr við lagalegar skuldbindingar sínar um að sjá fötluðu fólki fyrir hentugu húsnaði fyrir leigugjald sem það ræður við.

Húsbyggingasjóður á nú og rekur um 90 íbúðir á nokkrum stöðum á landinu sem leigðar eru fötluðu fólki samkvæmt ákvörðun viðkomandi sveitarfélaga.

Landssamtökin Þroskahjálpar taka heilshugar undir þær ábendingar og tillögur sem er að finna í umsögn Brynju leigufélags ses., dags. 1. september 2023, um það mál sem hér er til umsagnar (hvítbók um húsnaðismál).

Virðingarfyllt.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, verkefnastjóri hjá Þroskahjálpar